

**Nd.**

### **13. Frumvarp til laga**

um vatnsveitu í Bolungavík.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Bjarni Bjarnason, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ef vatnsveita verður gerð í Bolungavík, skal heimilt að ákveða með gjaldskrá, er ráðherra staðfestir, að vatnsskattur megi nema þreföldu því hámarki, sem ákveðið er í 1. lið 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 (Vatnalög).

Enn fremur skal heimilt að ákveða í gjaldskrá, að lágmark skattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna, skuli vera allt að 50 kr.

2. gr.

Ákvæði vatnalaganna gilda að öðru leyti um vatnsveitu þá, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk hreppsnefndar Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu. Hreppsnefndin gerir eftirfarandi grein fyrir frumvarpinu:

„Í Bolungavík eru vatnsbólín brunnar, og er vatn í þeim bæði illt og ófullnægjandi. Þorpsbúar telja það því hið mesta menningarmál og hagsmunamál að fá fullkomna vatnsveitu. Af þessum sökum hefur hreppsnefndin ákveðið að leggja vatnsveitu til þorpsins á næsta vori. Áætlun hefur verið gerð um stofnkostnað. Samkvæmt henni kostar veitan upp komin um 100 þús. kr. Hreppurinn verður að taka 90 þús. kr. lán til verksins. Tilboð er fengið um lánið til 25 ára með 5¼% ársvöxtum. Samkvæmt því er áætlað, að kostnaður af láninu verði 9—10 þús. kr. á ári.

Samkvæmt vatnalögum má vatnsskattur ekki vera hærrí en 6% af fasteignamatsverði húsa, og má vatnsskatturinn allur, á hverjum stað, nema í mesta lagi 5% af heildar fasteignamatsverði húsa á staðnum. Í Bolungavík eru hús ekki verðmikil. Fjöldi húsa er ekki meíinn herra en 2000—3000 kr. Og fasteignamat allra húsa í þorpinu nemur aðeins 640 þús. kr. Samkvæmt vatnalögum mundi vatnsskatturinn því ekki geta numið meiru en 3200 kr., eða ca. 1/3 af áælluðum árlegum kostnaði. Það er því augljóst, að heimild vatnalaganna um hámark vatnsskatts geta ekki staðizt, eins og verðlagi nú er háttað.“